BYGGÐASTOFNUN

# Dreifing sauðfjár á Íslandi

miðað við haustásetning 2016

**Þróunarsvið Byggðastofnunar**

**Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason**

**september 2017**

**Inngangur**

Á síðasta ári vann Byggðastofnun samantekt um dreifingu sauðfjár á Íslandi[1]. Það var gert í framhaldi af nýjum búvörusamningum sem undirritaðir voru í febrúar 2016. Í samningnum var gert ráð fyrir sérstökum svæðisbundnum stuðningi í sauðfjárrækt og var Byggðastofnun falið að vinna tillögur þar að lútandi. Vegna þessa þurfti stofnunin að leggja í allnokkra greiningarvinnu sem snéri að staðsetningu, fjölda og stærð sauðfjárbúa á landinu. Stofnunin leitaði upplýsinga hjá Landmælingum Íslands, Matvælastofnun, Þjóðskrá, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og Landssambandi sauðfjárbænda.

Þar sem skapalón að þessari vinnu var til staðar hjá stofnuninni og blikur eru á lofti varðandi framtíð sauðfjárbúskaparins var ákveðið að kalla að nýju eftir gögnum frá Matvælastofnun og gera samanburð á haustásetningi ársins 2015 og 2016. Einnig þótti æskilegt að taka stöðuna eins og hún er þar sem að miklar breytingar á sauðfjárbúskap gætu átt sér stað á næstu misserum.

Gögn um fjölda sauðfjár miðast við vetrarfóðraðar kindur samkvæmt haustskýrslum bænda og frístundabænda til Matvælastofnunar haustið 2016. Með fjölda vetrarfóðraðra kinda er hér átt við samtölu áa, hrúta, sauða, lambhrúta, geldinga og lambgimbra.

Fjöldi sauðfjárbúa voru 2.422 og hafði fækkað um 76 frá fyrra ári. Sauðfé fjölgaði hins vegar lítillega á milli ára. Fjöldi ásettra kinda voru 471.728 en voru 470.678 haustið 2015. Fjölgunin er ríflega þúsund kindur eða 0,2%.

[1] https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/dreifing_saudfjarbua.pdf

**Dreifing sauðfjárbúa eftir stærð og landshlutum**

Af 2.422 sauðfjárbúum í landinu síðast liðið haust voru 123 bú með 600 kindur eða fleiri eða 5,1% búanna. Flest þeirra voru á Norðurlandi vestra eða 41 og næst flest á Vesturlandi 27. Samtals voru 286 bú með 400-599 kindur eða 11,8%. Flest þeirra voru einnig á Norðurlandi vestra eða 73. Þar á eftir komu Austurland með 53 bú, Vesturland með 49, Norðurland eystra með 47 og Suðurland með 44. Samtals voru 493 bú með 200-399 kindur eða 20,4% en langflest voru búin með 199 eða færri kindur eða 1.520 sem eru tæplega 63% búanna.

**Mynd 1. Fjöldi sauðfjárbúa eftir landshlutum og stærð búa.**




Heildarfjöldi sauðfjár síðast liðið haust var ríflega 470 þúsund. Þegar horft er til fjölda sauðfjár eftir stærð búa kemur í ljós að 19,8% allra kinda er á búum sem eru með 600 kindur eða fleiri og 29,4% eru á búum sem eru með 400-599 kindur. Samtals er því rétt tæpur helmingur kinda á búum sem eru með yfir 400 fjár. Rúm 30% voru á búum með 200-399 kindur og rúm 20% á búum með færri en 200 kindur.

**Mynd 2. Fjöldi sauðfjár eftir landshlutum og stærð búa**



**Breytingar á haustásetningi milli áranna 2015 og 2016**

Samkvæmt tölum Matvælastofnunar fækkaði sauðfjárbúum um 76 á milli ára eða um ríflega 3%. Búum með færri en 200 kindur fækkaði um 67 og búum með 200-399 kindum um 26. Búum með fleiri en 600 kindur fjölgaði hins vegar um 15 og búum með 400-599 kindur fjölgaði um 2. Mest fækkaði búum á Suðurlandi um 24, um 14 á Vesturlandi og um 12 á Norðurlandi eystra. Búum fjölgaði ekki í neinum landshluta á milli ára.

**Mynd 3. Breyting á fjölda sauðfjárbúa eftir landshlutum og stærð búa**




Samtals fjölgaði kindum um 1.050 á milli ára eða 0,22%. Um óverulegar breytingar var því að ræða á heildarfjölda sauðfjár. Utan suðvesturhornsins, þar sem fé er tiltölulega fátt, fjölgaði mest á Vesturlandi um 2,2% og á Norðurlandi vestra um 1,7%. Hlutfallslega mesta fækkunin varð á Vestfjörðum um 2,1% og á Suðurlandi um 1,7%. Eftir sveitarfélögum var mest fjölgun í Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi, um 1000-1200 kindur í hverju sveitarfélagi. Langmesta fækkunin varð í Árneshreppi þar sem kindum fækkaði um ríflega 900 eða ríflega þriðjung. Næst mesta fækkunin varð í Mýrdalshreppi um tæplega 600 kindur eða 11,5%.

**Mynd 4. Breyting á fjölda sauðfjár eftir landshlutum**



## Töflur og kort

**Tafla 1. Fjöldi sauðfjárbúa eftir stærð og sveitarfélögum haustið 2016.**

| Sveitarfélag | 1 - 199 | 200-399 | 400-599 | 600+ | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 12 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| Kópavogsbær | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Seltjarnarneskaupstaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Garðabær | 5 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Mosfellsbær | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Kjósarhreppur | 16 | 1 | 1 | 0 | 18 |
| Reykjanesbær | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Grindavíkurbær | 15 | 0 | 0 | 0 | 15 |
| Sandgerðisbær | 3 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Sveitarfélagið Garður | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Sveitarfélagið Vogar | 3 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Akraneskaupstaður | 10 | 0 | 0 | 0 | 10 |
| Skorradalshreppur | 3 | 3 | 0 | 0 | 6 |
| Hvalfjarðarsveit | 31 | 4 | 5 | 2 | 42 |
| Borgarbyggð | 124 | 32 | 20 | 8 | 184 |
| Grundarfjarðarbær | 16 | 2 | 0 | 0 | 18 |
| Helgafellssveit | 12 | 1 | 1 | 0 | 14 |
| Stykkishólmsbær | 22 | 0 | 0 | 0 | 22 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 9 | 1 | 2 | 0 | 12 |
| Snæfellsbær | 28 | 4 | 2 | 0 | 34 |
| Dalabyggð | 41 | 16 | 19 | 17 | 93 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 16 | 1 | 0 | 0 | 17 |
| Ísafjarðarbær | 27 | 7 | 3 | 3 | 40 |
| Reykhólahreppur | 11 | 8 | 8 | 3 | 30 |
| Tálknafjarðarhreppur | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Vesturbyggð | 12 | 5 | 1 | 3 | 21 |
| Súðavíkurhreppur | 10 | 4 | 0 | 0 | 14 |
| Árneshreppur | 3 | 4 | 1 | 0 | 8 |
| Kaldrananeshreppur | 3 | 2 | 1 | 0 | 6 |
| Strandabyggð | 12 | 15 | 5 | 2 | 34 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 109 | 47 | 16 | 7 | 179 |
| Húnaþing vestra | 33 | 31 | 32 | 13 | 109 |
| Blönduósbær | 7 | 6 | 1 | 1 | 15 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Skagabyggð | 9 | 8 | 3 | 2 | 22 |
| Húnavatnshreppur | 31 | 22 | 17 | 14 | 84 |
| Akrahreppur | 17 | 3 | 4 | 4 | 28 |
| Akureyrarkaupstaður | 6 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Norðurþing | 24 | 9 | 14 | 8 | 55 |
| Fjallabyggð | 23 | 2 | 0 | 0 | 25 |
| Dalvíkurbyggð | 29 | 6 | 1 | 0 | 36 |
| Eyjafjarðarsveit | 57 | 6 | 1 | 1 | 65 |
| Hörgársveit | 48 | 8 | 4 | 0 | 60 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 9 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Grýtubakkahreppur | 4 | 1 | 5 | 1 | 11 |
| Skútustaðahreppur | 23 | 6 | 1 | 0 | 30 |
| Tjörneshreppur | 7 | 2 | 1 | 0 | 10 |
| Þingeyjarsveit | 64 | 27 | 8 | 2 | 101 |
| Svalbarðshreppur | 4 | 3 | 7 | 4 | 18 |
| Langanesbyggð | 7 | 2 | 5 | 2 | 16 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 3 | 1 | 1 | 0 | 5 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðabyggð | 18 | 7 | 4 | 0 | 29 |
| Vopnafjarðarhreppur | 14 | 7 | 8 | 0 | 29 |
| Fljótsdalshreppur | 1 | 5 | 8 | 0 | 14 |
| Borgarfjarðarhreppur | 6 | 3 | 3 | 0 | 12 |
| Breiðdalshreppur | 5 | 5 | 2 | 2 | 14 |
| Djúpavogshreppur | 10 | 4 | 6 | 1 | 21 |
| Fljótsdalshérað | 39 | 33 | 21 | 8 | 101 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 28 | 16 | 14 | 5 | 63 |
| Vestmannaeyjabær | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Sveitarfélagið Árborg | 35 | 0 | 0 | 0 | 35 |
| Mýrdalshreppur | 27 | 6 | 0 | 1 | 34 |
| Skaftárhreppur | 21 | 24 | 12 | 2 | 59 |
| Ásahreppur | 21 | 4 | 0 | 1 | 26 |
| Rangárþing eystra | 100 | 22 | 4 | 2 | 128 |
| Rangárþing ytra | 65 | 19 | 6 | 1 | 91 |
| Hrunamannahreppur | 18 | 8 | 2 | 0 | 28 |
| Hveragerðisbær | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 22 | 3 | 0 | 0 | 25 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 6 | 9 | 0 | 0 | 15 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 34 | 7 | 2 | 0 | 43 |
| Bláskógabyggð | 23 | 8 | 2 | 3 | 36 |
| Flóahreppur | 47 | 3 | 2 | 0 | 52 |
| **Samtals** | **1.520** | **493** | **286** | **123** | **2.422** |

**Tafla 2. Fjöldi sauðfjár eftir stærð búa og sveitarfélögum haustið 2016.**

| Sveitarfélag | 1 - 199 | 200-399 | 400-599 | 600+ | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 271 | 0 | 0 | 0 | 271 |
| Kópavogsbær | 24 | 0 | 0 | 0 | 24 |
| Seltjarnarneskaupstaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Garðabær | 70 | 0 | 0 | 0 | 70 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 6 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Mosfellsbær | 202 | 0 | 0 | 0 | 202 |
| Kjósarhreppur | 983 | 310 | 527 | 0 | 1.820 |
| Reykjanesbær | 92 | 0 | 0 | 0 | 92 |
| Grindavíkurbær | 439 | 0 | 0 | 0 | 439 |
| Sandgerðisbær | 69 | 0 | 0 | 0 | 69 |
| Sveitarfélagið Garður | 97 | 0 | 0 | 0 | 97 |
| Sveitarfélagið Vogar | 104 | 0 | 0 | 0 | 104 |
| Akraneskaupstaður | 257 | 0 | 0 | 0 | 257 |
| Skorradalshreppur | 215 | 710 | 0 | 0 | 925 |
| Hvalfjarðarsveit | 1.721 | 1.345 | 2.195 | 1.445 | 6.706 |
| Borgarbyggð | 9.394 | 9.349 | 9.771 | 5.944 | 34.458 |
| Grundarfjarðarbær | 882 | 495 | 0 | 0 | 1.377 |
| Helgafellssveit | 740 | 398 | 503 | 0 | 1.641 |
| Stykkishólmsbær | 755 | 0 | 0 | 0 | 755 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 729 | 313 | 1.070 | 0 | 2.112 |
| Snæfellsbær | 1.148 | 1.094 | 993 | 0 | 3.235 |
| Dalabyggð | 2.563 | 4.564 | 9.443 | 13.580 | 30.150 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 588 | 258 | 0 | 0 | 846 |
| Ísafjarðarbær | 1.545 | 2.278 | 1.603 | 2.129 | 7.555 |
| Reykhólahreppur | 721 | 2.392 | 3.724 | 2.067 | 8.904 |
| Tálknafjarðarhreppur | 100 | 0 | 0 | 0 | 100 |
| Vesturbyggð | 589 | 1.390 | 433 | 2.468 | 4.880 |
| Súðavíkurhreppur | 580 | 1.182 | 0 | 0 | 1.762 |
| Árneshreppur | 236 | 1.035 | 437 | 0 | 1.708 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaldrananeshreppur | 123 | 544 | 417 | 0 | 1.084 |
| Strandabyggð | 879 | 5.122 | 2.359 | 1.241 | 9.601 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 8.026 | 13.645 | 7.469 | 5.115 | 34.255 |
| Húnaþing vestra | 2.945 | 9.134 | 16.460 | 10.367 | 38.906 |
| Blönduósbær | 253 | 1.813 | 557 | 695 | 3.318 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 96 | 0 | 0 | 0 | 96 |
| Skagabyggð | 748 | 2.554 | 1.494 | 1.549 | 6.345 |
| Húnavatnshreppur | 2.477 | 6.947 | 8.445 | 11.655 | 29.524 |
| Akrahreppur | 1.327 | 1.021 | 1.929 | 3.010 | 7.287 |
| Akureyrarkaupstaður | 187 | 0 | 0 | 0 | 187 |
| Norðurþing | 1.266 | 2.826 | 6.780 | 5.485 | 16.357 |
| Fjallabyggð | 599 | 467 | 0 | 0 | 1.066 |
| Dalvíkurbyggð | 2.508 | 1.688 | 426 | 0 | 4.622 |
| Eyjafjarðarsveit | 3.322 | 1.501 | 555 | 764 | 6.142 |
| Hörgársveit | 3.186 | 2.306 | 1.976 | 0 | 7.468 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 705 | 0 | 0 | 0 | 705 |
| Grýtubakkahreppur | 154 | 283 | 2.605 | 818 | 3.860 |
| Skútustaðahreppur | 2.021 | 1.762 | 545 | 0 | 4.328 |
| Tjörneshreppur | 698 | 744 | 449 | 0 | 1.891 |
| Þingeyjarsveit | 5.425 | 7.611 | 3.609 | 1.307 | 17.952 |
| Svalbarðshreppur | 349 | 836 | 3.257 | 3.065 | 7.507 |
| Langanesbyggð | 367 | 735 | 2.401 | 1.628 | 5.131 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 240 | 347 | 467 | 0 | 1.054 |
| Fjarðabyggð | 874 | 1.789 | 2.042 | 0 | 4.705 |
| Vopnafjarðarhreppur | 1.055 | 1.752 | 3.676 | 0 | 6.483 |
| Fljótsdalshreppur | 49 | 1.488 | 3.928 | 0 | 5.465 |
| Borgarfjarðarhreppur | 432 | 1.088 | 1.369 | 0 | 2.889 |
| Breiðdalshreppur | 750 | 1.534 | 903 | 1.624 | 4.811 |
| Djúpavogshreppur | 612 | 1.046 | 3.069 | 619 | 5.346 |
| Fljótsdalshérað | 2.991 | 9.447 | 10.312 | 5.135 | 27.885 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 1.247 | 4.814 | 6.889 | 4.233 | 17.183 |
| Vestmannaeyjabær | 86 | 0 | 0 | 0 | 86 |
| Sveitarfélagið Árborg | 1.448 | 0 | 0 | 0 | 1.448 |
| Mýrdalshreppur | 1.905 | 1.851 | 0 | 659 | 4.415 |
| Skaftárhreppur | 2.062 | 7.110 | 5.716 | 1.548 | 16.436 |
| Ásahreppur | 867 | 1.322 | 0 | 616 | 2.805 |
| Rangárþing eystra | 6.599 | 5.740 | 1.837 | 1.433 | 15.609 |
| Rangárþing ytra | 4.005 | 4.990 | 2.526 | 1.132 | 12.653 |
| Hrunamannahreppur | 831 | 2.164 | 864 | 0 | 3.859 |
| Hveragerðisbær | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 924 | 797 | 0 | 0 | 1.721 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 234 | 2.569 | 0 | 0 | 2.803 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 2.218 | 1.797 | 915 | 0 | 4.930 |
| Bláskógabyggð | 1.433 | 2.261 | 953 | 1.957 | 6.604 |
| Flóahreppur | 2.697 | 774 | 870 | 0 | 4.341 |
| **Samtals** | **96.340** | **143.332** | **138.768** | **93.288** | **471.728** |

**Tafla 3. Breyting á fjölda sauðfjár 2015-2016 eftir sveitarfélögum**

| Sveitarfélag | Breyting fjöldi | Breyting % | Sveitarfélag | Breyting fjöldi | Breyting % |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | -44 | -14,0% | Akureyrarkaupstaður | -76 | -28,9% |
| Kópavogsbær | -51 | -68,0% | Norðurþing | -252 | -1,5% |
| Garðabær | 7 | 11,1% | Fjallabyggð | -68 | -6,0% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | -3 | -33,3% | Dalvíkurbyggð | 107 | 2,4% |
| Mosfellsbær | -27 | -11,8% | Eyjafjarðarsveit | 90 | 1,5% |
| Kjósarhreppur | -289 | -13,7% | Hörgársveit | 114 | 1,6% |
| Grindavíkurbær | -99 | -18,4% | Svalbarðsstrandarhreppur | 59 | 9,1% |
| Sandgerðisbær | 2 | 3,0% | Grýtubakkahreppur | -11 | -0,3% |
| Sveitarfélagið Garður | -4 | -4,0% | Skútustaðahreppur | -138 | -3,1% |
| Sveitarfélagið Vogar | 57 | 121,3% | Tjörneshreppur | 41 | 2,2% |
| Akraneskaupstaður | -2 | -0,8% | Þingeyjarsveit | 154 | 0,9% |
| Skorradalshreppur | 69 | 8,1% | Svalbarðshreppur | -29 | -0,4% |
| Hvalfjarðarsveit | 116 | 1,8% | Langanesbyggð | 35 | 0,7% |
| Borgarbyggð | 356 | 1,0% | Seyðisfjarðarkaupstaður | 10 | 1,0% |
| Grundarfjarðarbær | -210 | -13,2% | Fjarðabyggð | 43 | 0,9% |
| Helgafellssveit | 59 | 3,7% | Vopnafjarðarhreppur | -247 | -3,7% |
| Stykkishólmsbær | 73 | 10,7% | Fljótsdalshreppur | -2 | 0,0% |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | -28 | -1,3% | Borgarfjarðarhreppur | -237 | -7,6% |
| Snæfellsbær | 190 | 6,2% | Breiðdalshreppur | 358 | 8,0% |
| Dalabyggð | 1.135 | 3,9% | Djúpavogshreppur | 234 | 4,6% |
| Bolungarvíkurkaupstaður | -30 | -3,4% | Fljótsdalshérað | 33 | 0,1% |
| Ísafjarðarbær | 219 | 3,0% | Sveitarfélagið Hornafjörður | 18 | 0,1% |
| Reykhólahreppur | -109 | -1,2% | Vestmannaeyjabær | -181 | -67,8% |
| Tálknafjarðarhreppur | 1 | 1,0% | Sveitarfélagið Árborg | -58 | -3,9% |
| Vesturbyggð | -220 | -4,3% | Mýrdalshreppur | -575 | -11,5% |
| Súðavíkurhreppur | 219 | 14,2% | Skaftárhreppur | -28 | -0,2% |
| Árneshreppur | -910 | -34,8% | Ásahreppur | 178 | 6,8% |
| Kaldrananeshreppur | -218 | -16,7% | Rangárþing eystra | -301 | -1,9% |
| Strandabyggð | 283 | 3,0% | Rangárþing ytra | -145 | -1,1% |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | -368 | -1,1% | Hrunamannahreppur | -361 | -8,6% |
| Húnaþing vestra | 1.190 | 3,2% | Hveragerðisbær | -32 | -100,0% |
| Blönduósbær | -20 | -0,6% | Sveitarfélagið Ölfus | -8 | -0,5% |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | -6 | -5,9% | Grímsnes- og Grafningshreppur | -311 | -10,0% |
| Skagabyggð | 64 | 1,0% | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 101 | 2,1% |
| Húnavatnshreppur | 979 | 3,4% | Bláskógabyggð | 257 | 4,0% |
| Akrahreppur | 107 | 1,5% | Flóahreppur | -210 | -4,6% |
| | | | **Samtals** | **1.050** | **0,2%** |

**Mynd 5.** [2]

Sauðfjársláturhús og sauðfjárbú
á Íslandi í lok árs 2015




**Mynd 6.**

Sauðfjárbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
undir 200 í lok árs 2016




[2] Auk þeirra sauðfjársláturhúsa sem merkt eru inn á mynd nr.5 er eitt óvirkt leyfi til sauðfjárslátrunar frá Matvælastofnun hjá Norðlenska á Akureyri.

**Mynd 7.**

Sauðfjárbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
frá 200 til 399 í lok árs 2016




**Mynd 8.**

Sauðfjárbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
frá 400 til 599 í lok árs 2016




**Mynd 9.**

Sauðfjárbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
frá 600 og yfir í lok árs 2016

